


## Galdratöluskip

Skrifað af Strandagaldur  
Mánudagur, 07. Nóvember 2005 16:23

---

Talbyrðingur til að granda hundtyrkjum og útlendum sjóreyfurum. Þessi galdrastafur sem er bandrún á að ristast á skinn af frumsafrumsakálfur en frumsafrumsakálfur heitir það afkvæmi sem komið er af venjulegri kú og sænauti.



Galdratöluskip Í bandrúnina á að innibinda eftirfarandi vísu til að granda ræningjaskipum.

Hátt eru segl við húna  
hengd með strengi snúna.  
Séð hef ég ristur rúna  
mig rankar við því núna. Ofan af öllu landi  
ógn og stormur standi,  
særokið með sandi  
sendi þeim erkifjandi.